

## Viðskiptaafgangur var 16,3 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi – hrein staða við útlönd neikvæð um 62 ma.kr.

Á öðrum ársfjórðungi 2017 var 16,3 ma.kr. afgangur á viðskiptajöfnuði við útlönd. Þá var halli á vöruskiptajöfnuði 45,8 ma.kr. en afgangur á þjónustujöfnuði<sup>1</sup> 60,5 ma.kr. Þá skiluðu frumþáttatekjur 6,8 ma.kr. afgangi en rekstrarframlög 5,1 ma.kr. halla.

Þetta kemur fram í nýbirtum upplýsingum á vef Seðlabanka Íslands sem sýna bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð á öðrum ársfjórðungi 2017 og stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.<sup>2</sup>

Samkvæmt bráðabirgðayfirlitinu námu erlendar eignir þjóðarbúsins 3.494 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 3.556 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því neikvæð um 62 ma.kr. eða sem nam 2,5% af vergri landsframleiðslu (VLF) og lækkaði um 142 ma.kr. eða sem nam 5,7% af VLF á milli ársfjórðunga. Hrein fjármagnsviðskipti leiddu til verri erlendarar stöðu þjóðarbúsins um 4 ma.kr. Skuldir lækkuðu um 113 ma.kr. og erlendar eignir um 117 ma.kr. vegna fjármagnsviðskiptanna. Gengis- og verðbreytingar höfðu neikvæð áhrif á erlenda stöðu þjóðarbúsins um sem nam 139 ma.kr. Munar þar mestu um verðlækkun á eignum sem falla undir beina fjárfestingu. Gengi krónunnar hækkaði á öðrum ársfjórðungi gagnvart helstu gjaldmiðlum um 4,8% miðað við gengisskráningarvog.

---

<sup>1</sup> [Sjá á vef Hagstofunnar.](#)

<sup>2</sup> Sjá Hagtölur á [www.sedlabanki.is](http://www.sedlabanki.is)

**Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður (ma.kr.)**

	<u>2016, Q2</u>	<u>2016, Q3</u>	<u>2016, Q4</u>	<u>2017, Q1</u>	<u>2017, Q2</u>
<b>Viðskiptajöfnuður</b>	<b>33,1</b>	<b>100,8</b>	<b>42,4</b>	<b>8,2</b>	<b>16,3</b>
Vöruskiptajöfnuður	-39,5	-22,5	-13,3	-35,1	-45,8
Þjónustujöfnuður	64,6	122,7	41,1	40,7	60,5
Jöfnuður frumpáttatekna	10,8	2,9	18,4	5,9	6,8
Rekstrarframlög, nettó	-2,8	-2,3	-3,9	-3,3	-5,1
<b>Jöfnuður fjárframlaga</b>	<b>-0,4</b>	<b>-0,2</b>	<b>-0,5</b>	<b>-0,3</b>	<b>-0,3</b>
<b>Fjármagnsjöfnuður</b>	<b>73,6</b>	<b>51,9</b>	<b>115,4</b>	<b>16,7</b>	<b>-3,6</b>
Bein fjárfesting	49,0	-85,0	-13,0	-3,5	29,8
Verðbréf	126,9	-27,4	62,9	57,3	137,1
Afleiður	1,1	0,8	0,4	1,3	9,1
Önnur fjárfesting	-77,7	47,8	-35,6	-36,9	-72,0
Gjaldeyrisforði	-25,6	115,6	100,7	-1,5	-107,6
<b>Skekkiur og vantalið, nettó</b>	<b>40,9</b>	<b>-48,7</b>	<b>73,5</b>	<b>8,8</b>	<b>-19,6</b>

**Tafla 2. Breyting á erlendra stöðu þjóðarbúsins á milli ársfjórðunga (ma.kr.)**

	<b>Staða í lok Q1 2017</b>	<b>Fjármagnsjöfnuður</b>	<b>Gengis- og verðbreytingar</b>	<b>Aðrar breytingar</b>	<b>Staða í lok Q2 2017</b>
<b>Erlendar eignir, alls</b>	<b>3.891</b>	<b>-117</b>	<b>-278</b>	<b>-2</b>	<b>3.494</b>
Bein fjárfesting	1.494	7	-176	7	1.332
Verðbréf	1.017	20	-48	0	988
Afleiður*	6	9	-2	0	13
Önnur fjárfesting	550	-45	-5	-3	497
Gjaldeyrisforði	824	-108	-47	-6	664
<b>Erlendar skuldir, alls</b>	<b>3.811</b>	<b>-113</b>	<b>-139</b>	<b>-3</b>	<b>3.556</b>
Bein fjárfesting	1.970	-22	-90	9	1.867
Verðbréf	1.246	-117	-30	-1	1.097
Afleiður*	11	0	-2	0	10
Önnur fjárfesting	584	27	-18	-11	582
<b>Hrein staða við útlönd</b>	<b>80</b>	<b>-4</b>	<b>-139</b>	<b>1</b>	<b>-62</b>
Hrein staða við útlönd, % af VLF	3,2%	-0,1%	-5,6%	0,1%	-2,5%

\*Aðrar breytingar eru taldar undir gengis- og verðbreytingum fyrir afleiður.

Nánari upplýsingar veitir Ríkarður Bergstað Ríkarðsson á upplýsing sviði Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.